



## ERINDISBRÉF ÍBÚARÁÐS RANGÁRÞINGS YTRA

### Umboð og hlutverk

#### 1. grein

Íbúaráð starfar í umboði sveitarstjórnar Rangárþings ytra með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í þessari samþykkt og eftir því sem samþykkt um stjórn og fundarsköp Rangárþings ytra og sveitarstjórnarlög kveða á um.

Íbúaráð Rangárþings ytra skal skipað fjórum fulltrúum og fjórum til vara. Einn fulltrúi skal búsettur á Hellu, einn í dreifbýli Rangárvalla, einn í fyrrum Djúpárhreppi og einn í Holta- og Landsveit.

### Verksvið og markmið

#### 2. grein

Markmið íbúaráðs eru eftirfarandi:

- Að vinna að auknu íbúalýðræði með þátttöku íbúa.
- Að vera formlegur umræðuvettvangur íbúa um hagsmunamál og þjónustu sveitarfélagsins.
- Að vera vettvangur fyrir samráð íbúa, félagasamtaka og atvinnulífs við sveitarstjórn.
- Að vera vettvangur fyrir íbúa til að vera virkir þátttakendur í stefnumörkun Rangárþings ytra.
- Að senda tillögur til sveitarstjórnar um ýmsa starfsemi og þjónustu.
- Að stuðla að hverskonar samstarfi íbúa og stjórnarsýslu.
- Að vera ráðgefandi fyrir stjórnarsýslu sveitarfélagsins og stuðla að eflingu félagsauðs meðal íbúa.



- Að stuðla að meiri tengingu á milli stjórnkerfis sveitarfélagsins og íbúa þess og nýta þekkingu íbúanna á sínu nærumhverfi.

## Skipan

### 3. grein

1. Íbúaráð er skipað fjórum fulltrúum skipuðum af sveitarstjórn og fjórum varamönnum. Sveitarstjórnarfulltrúar og varamenn þeirra eru ekki kjörgengir í íbúaráð. Auglýst skal eftir fulltrúum í ráðið á opinberum vettvangi. Við skipan þarf að hafa í huga jöfn kynjahlutföll.
2. Kjörnir meðlimir íbúaráðs skipta með sér verkum og velja sér formann og varaformann. Kjörtímabil íbúaráðs er það sama og kjörtímabil sveitarstjórnar.
3. Að auki skipar sveitarstjórn einn sveitarstjórnarfulltrúa og einn til vara til setu á fundum íbúaráðs og hafa þeir þar málfrelsi, en ekki tillögu- eða atkvæðisrétt. Hlutverk þeirra er að vera til ráðgjafar og veita upplýsingar um þau mál sem til umfjöllunar eru á fundum íbúaráðs.
4. Varamenn hafa, ef þeir óska þess, rétt til setu á fundum íbúaráðs með málfrelsi.
5. Fulltrúar íbúaráðs skulu hafa sterka tengingu við sveitarfélagið, með eigin búsetu.
6. Kjörgeng teljast öll sem hafa náð 18 aldri og uppfylla að öðru leyti skilyrðin sem þessar reglur kveða á um.
7. Seta í íbúaráði er launuð og miðast laun við nefndarlaun annarra nefnda sveitarfélagsins.

## Verkstjórn og verkaskipting

### 4. grein

Formaður íbúaráðs er í forsvari þess um stefnumótun og ákvarðanir eftir því sem við á. Sveitarstjórn ber ábyrgð á rekstrarkostnaði og framkvæmd ákvarðana íbúaráðs. Íbúaráð gerir sveitarstjórn grein fyrir áætluðum rekstrarkostnaði næsta almanaksárs fyrir lok september ár hvert. Íbúaráðráð getur ekki stofnað til útgjalda eða skuldbindinga nema með samþykki sveitarstjórnar.



## Boðun funda og fundarsköp

### 5. grein

Formaður íbúaráðs boðar til funda í samráði við markaðs- og kynningarfulltrúa, ákveður dagskrá og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verksviði ráðsins, og auk þess þau mál sem sveitarstjórn/stjórnkerfi sveitarfélagsins hefur sent íbúaráði til umfjöllunar. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði.

Íbúaráð skal halda að lágmarki tvo fundi á ári.

Fundarsköp fara eftir samþykkt um stjórn og fundarsköp Rangárþings ytra eftir því sem við á.

Íbúaráð hefur fundaraðstöðu í húsnæði sveitarfélagsins.

## Fundaskipulag og ritun fundagerða

### 6. grein

Fundir íbúaráðs skulu alla jafna haldnir fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum þess. Íbúaráði er þó heimilt að hafa fundi sína opna fyrir íbúum sveitarfélagsins. Skal þá gera ráð fyrir sérstökum dagskrárlið: Fyrirspurnir og athugasemdir frá íbúum. Fyrirspurnir og athugasemdir má senda íbúaráðinu fyrirfram eða bera fram á fundinum.

Íbúaráð skal skrá fundargerðir og senda afrit fundargerða til sveitarstjórnar jafnóðum.

Formaður sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í tölvu og að allar samþykktir séu bókaðar nákvæmlega.

Fundargerðirnar eru teknar fyrir á fundum sveitarstjórnar sem tekur þær til formlegrar afgreiðslu.



Erindisbréf nefnda Rangárbæings ytra – Kjörtímabilið 2022-2026

Markaðs- og kynningarfulltrúi aðstoðar formann við að skipuleggja dagskrá funda og senda fundarboð.

Markaðs- og kynningarfulltrúi sér um að aðstoða ráðin við upplýsingaöflun úr stjórnkerfi sveitarfélagsins og að upplýsa íbúaráðið um afgreiðslu nefnda sveitarfélagsins og sveitarstjórnar.

## Gildistaka

### 7. grein

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 128/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum, stjórnsýslulögum nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn og fundarsköp fyrir Rangárbæing ytra.

Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt af sveitarstjórn Rangárbæings ytra þann 8. maí 2024 og tekur þegar gildi.